

Ed.

587. Frumvarp til laga

[284. mál]

um breyting á lögum nr. 120 31. des. 1976, um tollskrá o. fl.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson.

1. gr.

Við heimildarákvæði í 3. gr. laganna bætist nýr töluliður, svo hljóðandi:

Að ákveða að aðflutningsgjöldum af sjónvarpstækjum og hlutum í þau megi verja til stofnbúnaðar Ríkisútvarps.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Samhljóða ákvæði var í lögum um tollskrá frá 1964, allt þar til það var felld niður með breytingu á sömu lögum 1976.

Heimild þessi var notuð alla tíð meðan hún var í gildi. Eftir að heimildin var felld úr lögum tókst samkomulag með þáverandi ráðherrum menntamála og fjármála um að Ríkisútvarpið nyti áfram téðra aðflutningsgjalda. Greiðslur drögust þó nokkuð á langinn síðari hluta árs 1977 og árið 1978.

Þegar hafist var handa um litvæðingu sjónvarpsins var stefnt að því, að aðflutningsgjöld af móttökutækjum yrðu notuð til þess að standa undir kostnaði, bæði við dreifingu og litvæðingu. — Litvæðingin var bókstaflega ákvörðuð á þessum grundvelli.

Nú er ljóst, að horfið hefur verið frá því að verja aðflutningsgjöldum til uppbyggingar hjá Ríkisútvarpinu svo sem gert hefur verið allar götur frá 1964. Ríkisútvarpinu er á þessu ári aðeins ætluð tilgreind fjárhæð í fjárlögum, miklu lægri en nemur umræddum aðflutningsgjöldum. Af þessu leiðir, að framkvæmdir við dreifinguna í ár verða miklum mun minni en þær voru s. l. ár og er þó allt í miðjum klíðum á þeim vettvangi. Einnig er hætt við að framhald litvæðingar dragist úr hófi.

Þetta telur flutningsmaður þessa frumvarps óviðunandi, því þörfin er brýn sem fyrr. Þess vegna er frumvarpið fram borið. Er þess vænst, að ráðherrar og aðrir alþingismenn geti á það fallist. Væri þá auðvelt að afgreiða það fyrir þinglok, þar sem málið er mjög einfalt að gerð. Spurningin er einvörðungu um það, hvort ráðlegt þyki að hverfa að fyrri meðferð aðflutningsgjaldanna.

Hér er lagt til, að ákvæðið um ráðstöfun aðflutningsgjalda til útvarpsins verði í heimildarformi sem fyrr. Er það gert í trausti þess, að ríkisstjórnin viðurkenni þörf þeirra er þjónustu útvarpsins njóta.

Lagt er til að lögin öðlist þegar gildi. Það er þá einnig á valdi ríkisstjórnarinnar, hvort heimildin verður notuð að einhverju eða öllu leyti þegar á þessu ári.

Að endingu tekur flutningsmaður fram, að honum er ljóst, að afla þarf ríkissjóði tekna á móti, ef frumvarpið verður samþykkt og heimildin notuð. Lýsir hann sig reiðubúinn að standa að slíkri tekjuöflun.